


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 R.

Reykjavík, 2. maí 2005.

Hinn 30. apríl sl. voru Markús Örn Antonsson, útvarpsstjóri, og Þorsteinn Þorsteinsson, forstöðumaður markaðssviðs Ríkisútvarpsins, boðaðir á fund menntamálanefndar Alþingis til að ræða frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. í framhaldi af formlegri umsögn, sem nefndinni hafði verið send áður.

Á fundinum var allmörgum spurningum beint til fulltrúa Ríkisútvarpsins og þeir beðnir að senda nefndinni skrifleg svör við þeim. Umbeðin svör er að finna í fylgiriti.

Virðingarfyllst,



Markús Örn Antonsson

Svör við spurningum, sem beint var til Ríkisútvarpsins á fundi menntamálanefndar Alþingis 30. apríl 2005.

Hjálmar Árnason:

Dreifing valds við starfsmannaráðningar – Í nágildandi lögum er útvarpsstjóri ábyrgur fyrir öllum mannráðningum hjá Ríkisútvarpinu nema í stöður framkvæmdastjóra. Menntamálaráðherra ræður þá að fenginni umsögn útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Í reynd hafa framkvæmdastjórar og deildarstjórar gert tillögur um mannráðningar til útvarpsstjóra. Munu þess fá eða engin dæmi að útvarpsstjóri hafi ekki farið að tillögum næstu yfirmanna viðkomandi starfsmanna þegar ráðið var í þær stöður, sem útvarpsráð fjallaði ekki um. Með því að frumvarpið gerir ráð fyrir að útvarpsráð verði lagt niður og endi bundinn á lögfesta umsagnaraðild þess við fastráðningar í stöður dagskrárgerðarmanna er ekkert sem hindrar að um allar mannráðningar gildi hið sama almenna verklag og hingað til.

Kolbrún Halldórsdóttir:

Framtíð Rásar 2 í óvissu? – Ákvæðið um a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring til alls landsins og næstu miða ber að skoða sem skilyrði um lágmarkspjónustu. Önnur ákvæði frumvarpsins um stafrænar útsendingar og aðra framþróun í tæknilegum efnum fela í sér hvata til að auka framboð á dagskrárrásum fyrir útvarps- og sjónvarpsefni frá því sem nú er, þannig að allt bendir til að rásum fjölgi en fækki ekki.

Dreifikerfi og öryggismál – Ríkisútvarpið hefur í höfuðdráttum mótað þá stefnu að bjóða dagskráefni sitt í öllum dreifikerfum, vera “alls staðar, alltaf”. Því hefur RÚV tjáð sig reiðubúið til samstarfs við önnur útvarps- og sjónvarpsfyrirtæki eða fjarskiptafyrirtæki um rekstur dreifikerfa. Dagskrám RÚV er nú t.d. dreift um kerfi “Digital Ísland” á Faxaflóasvæðinu. Önnur dreifikerfi eru í uppsvingu og mun RÚV leggja áherzlu á að vera þar með. RÚV hefur kynnt yfirvöldum fjarskiptamála sjónarmið sitt um að svokölluð “must carry-regla” verði sett í lög, þ.e. að eigendum dreifikerfa beri skylda til að flytja dagskrá almannaþjónustustöðva í kerfum sínum. Hér er verið að fjalla um lokuð kerfi, sem notendur þurfa að kaupa aðgang að. RÚV þarf að ná til allra landsmanna, burtséð frá því hvort þeir óska að tengjast einhverju slíku kerfi og borga fyrir. Áfram þarf því að reka almenn, opin kerfi, í framtíðinni DAB (Digital Audio Broadcast) fyrir útvarp eða DVB-T (Digital Audio Broadcast-Terrestrial), sem nái til allra landsmanna, hvar sem þeir búa. Samkvæmt fjarskiptaáætlun samgönguráðherra er einnig gert ráð fyrir að gervihnattaútsendingar RÚV treysti enn betur almannaþjónustu- og öryggisþáttinn í starfsemi þess.

Ráðningartími útvarpsstjóra – Á Norðurlöndunum voru settar takmarkanir á heildarstarfstíma útvarpstjórnanna, breytilegar eftir löndum. Frá því hefur verið horfið en samningar með uppsagnarákvæðum gerðir ýmist tímabundnir eða ótímabundnir milli

viðkomandi einstaklinga og stjórna fyrirtækjanna. Þetta mun vera almenn regla í fyrirtækjum hérlendis og ekki óeðlilegt að það gildi um Ríkisútvarpið sf.

Sameignarfélagsformið – Af hálfu RÚV er ekki gerð athugasemd um þetta félagsform með tilliti til þeirra skýringa, sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu m.a. varðandi boðaða heildarlöggjöf um sameignarfélög.

Sveigjanleiki varðandi mannráðningar – Forstöðumenn hjá RÚV hafa talið það ókost í samkeppni um góða starfskrafta á sviði fréttamennsku og dagskrárgerðar að vera háðir útvarpsráði um ráðningu þeirra. Mörgum álitlegum starfskröftum með mikla reynslu annars staðar hugnast ekki sú opinbera umfjöllun, sem skapast um þetta ráðningarferli og sækja ekki um. Forráðamenn RÚV telja sig ekki geta gefið skýr svör um ráðningu fyrir en ferlið er á enda og hefur það stundum orðið þess valdandi að RÚV hefur af þeim sökum misst af góðum starfskröftum til annarra fjölmiðla.

Fyrirtækjarekstur með öðrum – Til álita hefur komið að setja á stofn fyrirtæki með öðrum en til þess hefur RÚV ekki heimildir nema með sérstakri lagasetningu í hvert eitt sinn. Þannig hefði það t.d. verið heppilegt á sínum tíma fyrir RÚV að reka viðgerðarþjónustu fyrir tæknibúnað útvarps- og sjónvarpsstöðva með öðrum sambærilegum fyrirtækjum. Leikmyndagerð hefur einnig komið til álita. Þessi áform hafa ekki náð fram að ganga vegna þess hve flókið og svífaseint kerfið reynist vera þegar RÚV á hlut að máli. Brýn framtíðarverkefni að þessu leyti verða mjög líklega á sviði uppbyggingar og rekstrar nýrra dreifikerfa fyrir útvarpsfni í samvinnu við aðrar útvarps- og sjónvarpsstöðvar eða fjarskiptafyrirtæki.

Samstarfið við Sinfóníuhljómsveit Íslands – Það er löngu orðið tímabært að leysa Ríkisútvarpið undan þátttöku í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands með árlegu fjárframlagi, sem áætlað er um 120 m.kr. á fjárlögum 2005. RÚV mun í staðinn eiga samstarf við hljómsveitina um upptökur og útsendingar samkvæmt sérstökum samningum.

Boðun aðalfundar – RÚV gerir ekki athugasemdir við ákvæði stofnsamnings um boðun aðalfundar eða félagsfunda.

Lífeyrisskuldbindingar – RÚV hefur lengi barizt fyrir því að auknum lífeyrisskuldbindingum, sem stofnuninni hefur verið gert að standa undir, yrði af henni létt. Þetta hefur ekki hlotið hljómgrunn hjá stjórnvöldum en boðað er að upphæð nefskatts verði ákvörðuð m.a. með hliðsjón af lífeyrisskuldbindingunum.

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hvers vegna liggur svona mikið á? – RÚV hefur lengi beðið eftir endurskoðun sérlaga um starfsemi þess, þar sem tekið yrði mið af breyttu fjölmiðlaumhverfi í kjölfar þess að samkeppni var heimiluð 1985. Frumvarpið veitir RÚV sf. margvíslegt svigrúm, sem það hefur ekki sem ríkisstofnun og styrkir grundvöll þess í harðnandi samkeppni á fjölmiðlasviðinu. Í frumvarpinu felst ný og ítarleg skilgreining á hlutverki RÚV, sem m.a. er nauðsynleg vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA og til þess að tryggja hlutverk þess í þróun nýrrar þjónustu á sviði net- og margmiðlunar sem og stafrænna útsendinga útvarps og sjónvarps.

Nefskattur í stað afnotagjalda – Forráðamenn RÚV hafa vísað til reynslu annarra þjóða, þar sem almannaþjónustumiðlar eru yfirleitt fjármagnaðir með afnotagjöldum og flestir einnig með auglýsingatekjum. Í Bretlandi er t.d. verið að veita BBC endurnýjað umboð til að innheimta afnotagjöld. Hér á landi eru uppi önnur og sterkari almenn viðhorf gegn afnotagjöldum en gerist í öðrum Evrópulöndum og er RÚV að horfast í augu við þá staðreynd. Hins vegar er lögð rík áherzla á að hin endanlega ákvörðun um upphæð nefskattsins, sem fyrst á að koma til innheimtu 2008, verði tekin að vel athuguðu máli og tillit tekið til athugasemda RÚV, sem fram hafa verið settar í greinargerð er fylgdi hinni formlegu umsögn um frumvarpið.

Útsendingar um gervihnött – RÚV hefur gert tilraunir með gervihnattaútsendingu á sjónvarpsdagskrá sinni í því augnamiði að geta dreift henni til íslenskra sjómanna á hafi úti og Íslendinga, sem búsettir eru í nálægum löndum. Tilraunir hafa tekizt ágætlega en framhaldið er háð fjárveitingum til RÚV. Útsending um gervihnött getur orðið álitlegur kostur til að ná til notenda RÚV, sem búa á yztu jaðarsvæðum hér innanlands, í sumarbústaðabyggðum og einnig sem liður í stofndreifingu til staðbundinna senda úti um landið í framtíðinni.

Kjartan Ólafsson:

Er nógu langt gengið með sameignarfélagi? – Rekstur RÚV sem hlutafélags í eigu ríkisins gæti verið álitlegur kostur, sbr. ágætur árangur af hlutafélagsvæðingu NRK í Noregi. Um slíkt rekstrarform RÚV eru þó mjög skiptar skoðanir og óttast margir að hlutafélagsvæðing boðaði einkavæðingu RÚV á síðara stigi. Fram hefur komið að sameignarfélagssformið er málamiðlun. Hér er um að ræða pólitískt álitaefni, sem RÚV leiðir ekki til lykta.

Mörður Árnason:

Virðisaukaskatturinn – Eins og staðan er í dag skiptast tekjur Ríkisútvarpsins þannig að um 70% þeirra eru afnotagjöld sem bera 14% virðisaukaskatt og um 30% eru aðrar tekjur svo sem auglýsingar, kostun og sala eða leiga á vörum sem bera 24,5% virðisaukaskatt. Þetta þýðir að Ríkisútvarpið er í virðisaukaskattsskyldri starfsemi og skilar ríkissjóði virðisaukaskatti, útskatti, af tekjum en fær á móti endurgreiddan virðisaukaskatt, innskatt, af kostnaði og fjárfestingum eftir nákvæmlega sömu reglum og önnur fyrirtæki.

Að óbreyttum lögum um virðisaukaskatt mundi það þýða, að 70% tekna Ríkisútvarpsins sf. væru framlag af fjárlögum og 30% tekjur sem bæru 24,5% virðisaukaskatt, þannig að félagið flokkaðist með blandaða starfsemi skv. lögum um virðisaukaskatt. Blönduð starfsemi er það þegar hluti starfseminnar er í virðisaukaskattsskyldri starfsemi og hluti ekki virðisaukaskattsskyldur og er þá miðað við hlutfall tekna í hvorum flokki fyrir sig.

Það þýddi að óbreyttum lögum um virðisaukaskatt að Ríkisútvarpið sf. fengi ekki endurgreiddan nema um 30% innskatts af kostnaði og fjárfestingum. Þar sem innskattur hefur numið um 200 m.kr. á ári s.l. tvö ár gæti þessi innskattur sem félagið þyrfti þá að bera numið a.m.k. um 140 m.kr. á ári. Þetta er „kostnaðarauki“ sem ekki hefur verið tekið tillit til í frumvarpinu. Sjá einnig bréf frá endurskoðanda Ríkisútvarpsins sem er viðauki við greinargerð.

Sérstök starfsemi, aðskilinn rekstur – RÚV hefur ýmsa möguleika til að selja út þjónustu, einkanlega í sambandi við vandaðar upptökur á útvarps- og sjónvarpsefni. Þar væri um að ræða útselda vinnu í samkeppni við aðra á markaðnum. Í slíkum tilvikum þyrfti fjárhagur að vera aðskilinn þannig að hið opinbera fé til grunnstarfsemi RÚV yrði ekki nýtt til að niðurgreiða samkeppni við aðra. Hljóðver og myndver gætu tímabundið tekið að sér útselda vinnu (kvikmyndagerð?), t.d. að sumarlagi þegar álag vegna verkefna RÚV minnkar.

Sigurrós Þorgrímsdóttir:

Útgáfa á diskum og áhrif hennar á afkomu RÚV – Markmið þessarar útgáfu er að auðvelda almenningi aðgengi að eldra efni úr safni Ríkisútvarpsins. Hér hefur fyrst og fremst verið um að ræða útgáfu á menningarefni (Útvarpsperlur), barnaefni og efni um náttúru Íslands (Ómar Ragnarsson).

Þessi starfsemi hefur mörg undanfarin ár skilað rekstrarafgangi, enda hefur stefnan verið sú að reksturinn stæði undir kostnaði. Ekki er gert ráð fyrir að stefnubreyting verði á þeirri hlið málsins. Þar af leiðandi er heldur ekki gert ráð fyrir í framtíðinni að starfsemin sé niðurgreidd með almannafé.

Sjálfstæði fréttastofanna – Með frumvarpinu er tryggð öflug og sjálfstæð fréttabjónusta RÚV og þar er sérstakt tillit tekið til öryggishlutverks þess fram yfir það sem núgildandi lög kveða á um. Gert er m.a. ráð fyrir að umsvif muni aukast í fréttáöflum útvarps og sjónvarps á landsbyggðinni. Eins og fram hefur komið í athugasemdum RÚV við frumvarpið, er ekki talið rétt að rekstrarleg stjórn Ríkisútvarpsins sf. gefi út reglur um frétttaflutning og auglýsingar og gæti þess að reglum sé fylgt eins og gert er ráð fyrir í 9. gr. frumvarpsins, heldur sé það hlutverk útvarpsstjóra.